



## Hvatningarstyrkir til að fjölga kennurum Skilyrði styrkveitinga

### Hvatningarstyrkur til kennaranema

Nemendur á lokaári meistaranáms til kennsluréttinda geta sótt um hvatningarstyrk en markmið styrksins er að fjölga kennurum, skapa hvata til þess að kennaranemar útskrifist á tilsettum tíma og ráði sig til kennslu að námi loknu.

Kennaranemi sem leggur stund á 120 ECTS eininga meistaranám til kennsluréttinda og hefur ekki þegar leyfisbréf til kennslu getur sótt um hvatningarstyrk sem nemur allt að 800.000 kr. Fyrri helmingurinn greiðist þegar staðfesting liggur fyrir að nemandi hafi lokið 90 ECTS einingum á meistarastigi og seinni helmingurinn þegar nemandi hefur brautskráðst með leyfisbréf til kennslu. Réttur til að sækja um síðari hluta styrks fellur niður ef kennaranemi lýkur ekki námi innan 12 mánaða frá móttöku fyrri hluta hans.

Kennaranemi sem þegar hefur lokið meistaraprófi í kennslugrein og innritast haustið 2020 eða síðar í 60 ECTS eininga meistaranám til kennsluréttinda getur sótt um hvatningarstyrk sem nemur allt að 400.000 kr. Styrkurinn greiðist út í einu lagi þegar nemandi hefur brautskráðst með leyfisbréf til kennslu. Réttur til að sækja um styrk fellur niður ef kennaranemi útskrifast ekki innan 12 mánaða frá innritun í námið.

Verðandi starfsmenntakennari sem innritast haustið 2021 eða síðar í 60 ECTS eininga grunndiplómu í kennslufræði sem ætlað sérstaklega iðnmeisturum og þeim sem þegar hafa lokið löggildu starfsréttindaprófi getur sótt um hvatningarstyrk sem nemur allt að 400.000 kr. Styrkurinn greiðist út í einu lagi þegar nemandi hefur brautskráðst með leyfisbréf til kennslu. Réttur til að sækja um styrk fellur niður ef kennaranemi útskrifast ekki innan 24 mánaða frá innritun í námið og í samræmi við skipulag námsins.

Markmið hvatningarstyrkja er að auka nýliðun meðal kennara og eru því ætlaðir kennaranemum sem sækjast eftir leyfisbréfi.

Nemandi sækir um hvatningarstyrk til þess háskóla sem hann stundar nám við.

### Hvatningarstyrkur til starfandi kennara til náms í starfstengdri leiðsögn

Mikilvægt er að fjölga kennurum sem hafa þekkingu á móttöku og leiðsögn við kennaranema og nýliða í kennslu.

Starfandi kennari sem leggur stund á viðbótarnám á meistarastigi í starfstengdri leiðsögn getur sótt um hvatningarstyrk sem nemur allt að 150.000 kr. Styrkurinn er tvískiptur, fyrri hluti styrksins er greiddur út þegar staðfesting liggur fyrir að viðkomandi hafi staðist nám á fyrsta misseri og seinni hlutinn þegar hann hefur lokið námi og brautskráðst.

Nám í starfstengdri leiðsögn tekur þrjú misseri og fer fram við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Námið er sniðið að þörfum starfandi kennara.

Með styrkumsókn skal fylgja staðfesting skólastjórnanda á að umsækjandi sé starfandi kennari við viðkomandi skóla, meðmæli og ástæður þess að viðkomandi kennari sérhæfi sig í starfstengdri leiðsögn. Réttur til að sækja um seinni hluta styrks fellur niður ef kennari útskrifast ekki innan 24 mánaða frá innritun í námið.